

Nr. 366

24. apríl 2007

## AUGLÝSING um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

*Hagasmári 1. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 10. apríl 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi að Hagasmára 1.

Í tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi felst að gert er ráð fyrir kjallrarými undir turnbyggingu sem ætlað er fyrir tæknirými og bílastæðakjallara fyrir 246 bílastæði.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dagsettri 29. mars 2007.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 24. apríl 2007.*

**Smári Smárason** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2007